
E F N I

LESBÓK MORGUNBLAÐSINS

Útgefandi: Hf. Árvakur, Reykjavík. Framkvstj.: Haraldur Sveinsson. Ritstjórar: Matthías Johannessen, Styrmir Gunnarsson. Aðstoðarritstjóri: Björn Bjarnason. Ritstjórnarfulltr.: Gísli Sigurðsson. Auglýsingar: Baldvin Jónsson. Ritstjórn: Aðalstræti 6. Sími 691100.





Forsíðan

er ný grafíkmynd eftir Braga Ásgeirsson og er birt í tilefni hinnar árlegu sýningar Grafíklistafélagsins. Inni í blaðinu eru fleiri myndir, sem verða á sýningunni og þar er rakin saga grafíklistar hér á landi og rætt við þau Ragnheiði Jónsdóttur og Daða Guðbjörnsson.

Skjárinn

snýr út til þjóðarinnar, en bak við skjáinn gerist vitaskuld margt, sem ekki kemur í ljós. Þetta er síðari hluti greinar Emils Björnssonar fyrrum fréttastjóra sjónvarpsins um upphaf íslenzka sjónvarpsins fyrir tveimur áratugum.





Kennedy

var maður hins nýja tíma 1960 og kunni að nota sér sjónvarpið, þegar hann og Nixon tóku þátt í frægum kappræðum vegna kosningabaráttunnar. Þessi sjónvarpsþáttur markaði tímamót og varð til þess að milljónir kjósenda fylktu sér um Kennedy.

Tvö þjóðkvæði frá Kóreu og Spáni

Jón úr Vör snéri

Vegna fjarveru þinnar

Frá Kóreu.

Lækir renna í fljótin,
svo rennur tíminn hjá.
Vegna fjarveru þinnar
eru augu mín orðin tóm.

Í gær kviknaði tunglið nýja
með sín rauðu blóm.
En í dag eru engin blóm
og jörðin er ötuð blóði.

Fyrir haustmána spenntar
fljúga villigæsirnar,
þær hafa komið við, ég heyrði þær,
en eru nú horfnar.

Þær hafa flogið hjá
og skilið mig eftir án kveðju.
Aðeins fallhljóð regnsins
heyri ég, regnsins hvíta.

Við verðum öll rík

Frá Spáni.

Við verðum öll rík að lokum.
Ekki að blindri hending,
nei, samkvæmt reglu
og réttri röð.

En því miður . . .
flestir deyja
áður en komið er að þeim.

Þau tvö kvæði, sem hér verða samferða til Íslands, eru komin langt að, sitt úr hvorri áttinni. Þau eiga það sameiginlegt að enginn veit hver ort hefur eða hve gömul þau eru. Þau hafa verið þýdd úr sænskum sýnisbókum.

R A B B

Hvatning til að fjalla um sögu okkar og menntir

Hinn 14. september var öld liðin frá fæðingu dr. Sigurðar Nordal prófessors. Af því tilefni efndi Sverrir Hermannsson menntamálaráðherra til afmælisfagnaðar í Þjóðleikhúsinu. Þar las hann upp reglugerð um Stofnun Sigurðar Nordal við Háskóla Íslands. Í ávarpi sínu sagði ráðherra m.a.: „Brýnni nauðsyn hefur þótt til þess bera en áður að efna til aðgerða til sóknar og varnar íslenzkri tungu og menningu af augljósum ástæðum: Undirstaða menningararfs okkar, tungan, á í vök að verjast. Glötum við henni er allt unnið fyrir gýg."

Ráðherra tekur djúpt í árinni. Hann ólst upp við fátækt en gott atlæti foreldra sinna inni í Djúpi og lærði að lifa af og með náttúrinni. Þá fékk hann ríka tilfinningu fyrir landinu og fólkinu, sem það byggir. Síðar hefur þessi tilfinning orðið sterkari, eftir að sjóndeildarhringurinn víkkaði og honum lærðist að sjá og skynja þjóð sína í samfélagi annarra slíkra. Í öllum þeim manngrúa fá verðmætin annað gildi og það gerðist af sjálfu sér, að í huga hans varð tunga okkar þjóðtunga og menningin þjóðmenning, — fjöreggið sjálft.

Engri stofnun er betur treystandi til að gæta fjöreggsins en stofnun Sigurðar Nordal, — og leyfi ég mér þá að ganga út frá því að stofnunin beri meistara sínum vitni. Og hvað á ég við með því? Enginn hefur fjallað um íslenska menningu af meiri alúð og væntumþykju en Sigurður Nordal. Ef til vill er það þess vegna sem honum veittist svo létt að miðla öðrum, — hann hafði alltaf ráð á því að vera einlægur og segja það, sem hann meinti. Textinn verður fljótt óskiljanlegur, þegar höfundinum er ekki alveg ljóst sjálfum, hvað hann er að fara.

Fyrir nokkrum dögum bárust mér í hendur ljóðmæli Kristjáns Fjallaskálds, en prófessor Matthías Viðar Sæmundsson rekur ævisögu hans og fjallar um verk hans. Sagt er, að Kristján hafi átt meiri vinsældum að fagna en nokkurt annað skáld um sína daga. Kvæði hans og stökur voru á hvers manns vörum, enda minnir tungutakið á Jónas Hallgrímsson þegar honum tekst best upp. Ég rifja upp þessa stöku:

Fölnar rós og bliknar blað
á birkigreinum;
húmar eins og haustar að
í hjartans leynum.

Ljóðmæli Kristjáns Jónssonar eru mikil bók og smekkleg, nær 400 síður. Það er með ólíkindum hversu miklu hann hefur afkastað á sinni stuttu og dapurlegu ævi að ekki sé talað um fjölbreytni bragarhátta og sterk tök á tungunni. Ég hef að gamni mínu verið að gæla við þá hugsun, að hann hafi verið fyrsta íslenska skáldið, sem orti öfugan þrílið lýtalaust í kvæðinu Heimkoman:

Yfir eyðilegt hjarn,
þar sem engin vex rós,
gengur einmana halur um kvöld.
Langt er heimkynni að,
því að heiðin er löng,
dynur hríðin svo bitur og köld.

Mér er ógleymanlegt hversu sterk áhrif þetta kvæði hafði á mig ungan, þegar við vorum látin læra það utanbókar í Laugarnesskólanum hjá okkar gamla og góða kennara Skeggja Ásbjarnarsyni. Einstaka orð voru okkur að vísu framandi eins og halur, svanni eða siklingur, en boðskapur kvæðisins komst til skila.

Aðeins fáum er gefið að fjalla um ljóð og skáldskap með þeim hætti, að verulegt gagn sé að. Í mínum huga skiptir sköpum, hvort viðkomandi þykir vænt um skáldið eða ekki. Og auðvitað verður hann líka að sætta sig við að vera í skugga skáldsins á meðan, — láta það tala.

Ritgerð Matthíasar Viðars Sæmundssonar er ítarleg og fróðleg um margt og ber vott um þekkingu hans. Það er kannski af þeim sökum sem ég leyfi mér í þessu samhengi að gera þá athugasemd, að mér finnst framsetningin of flókin. Hann segir t.d. á einum stað: „Í ofangreindum ljóðum er tilfinning hins staka í sjónarmiðju, en ásamt henni hugsýn, sem kenna má við opinberun. Skáldið sér út úr lífi sem er aðgreint og óviðunandi inn í algleymisástand, þar sem ríkir fullkomið samræmi. En þetta ástand er ekki lifað augnablik heldur liðið, ímyndað. Fjarveran ríkir."

Þetta er skrýtin klausa og skýrir auðvitað ekki neitt í ljóðum Kristjáns, enda tungutakið miklu fjær Kristjáni en tungutak Kristjáns nútímanum.

Auðvitað veit ég, að ekki er sanngjarnt að taka klausu úr samhengi með þessum hætti, en hér á bókmenntafræðingur í hlut, sem líka tekur vísuorð skálda úr samhengi. Og sjálfur er ég stjórnmálamaður, sem er orðinn vanur við hvort tveggja: Að taka orð úr samhengi og að mín orð séu úr samhengi tekin. Ég vil líka láta koma fram, að Matthías Viðar á skilið heila þökk fyrir útgáfu sína á ljóðmælum Fjallaskáldsins. Þó finnst mér sumt hefði mátt liggja í þagnargildi þess sem þar er birt. Skáldið ætlaðist aldrei til þess að því yrði á loft haldið með þessum hætti og svo lengi.

Ég vil að lokum þakka Sverri Hermannssyni fyrir það framtak hans að setja Stofnun Sigurðar Nordal við Háskóla Íslands á laggirnar. Ég efast ekki um, að hún eigi eftir að gera mikið gagn íslenskri tungu og menningu og vera íslenskum bókmenntafræðingum hvatning til að fjalla þannig um sögu okkar og menntir, að allir kunni vel að njóta.

Halldór Blöndal